

Nemendaráð Naustaskóla

Fundur 30. september 2014

Mættir: Signý Rós, Indíra, Birgir Freyr, Brynjólfur, Íris, Agnar Daníel, Alex Máni og Viktor ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

Fulltrúar í skólaráði. Ákveðið að Birgir og Íris verði fulltrúar nemenda í skólaráði 2014-2015, en til vara verði Indíra og Brynjólfur.

Skólahreysti. Kannaður áhugi nemenda á að vera með í Skólahreysti, nemendaráð leggur til að skólinn taki þátt.

Spurningakeppni grunnskólanna. Leitað álits á því hvort skólinn skuli vera með í keppninni, nemendaráð telur fulla ástæðu til þátttöku.

Umhverfisnefnd. Rætt um fulltrúa nemenda í umhverfisnefnd. Ákveðið að Viktor Sigurðarson verði tengiliður nemendaráðs en síðan verði fengnir aðrir fulltrúar nemenda með.

Fótboltadagur. Fulltrúi úr 10. bekk kom með þá hugmynd að blása til fótboltadags, t.d. kl. 10-12 einhvern daginn hjá 4.-10. bekk. Þeir sem vilja taka þátt fari á KA svæðið, skipt verði í jöfn lið og t.d. haldið „krónumót“. Ágúst ræðir málið við íþróttakennara.

Matsalur / raðir. Nemendur hafa áhyggjur af að stundum myndast langar raðir. Ákveðið að prófa að 4.-5. bekkur fari 5 mínútum fyrr í mat á mán og þri, 6. og 7. á mið og fim og 8-10 á föstudögum.

Útiþróttir. Athugasemd varðandi útiþróttir, að nemendum finnist of mikil áhersla á göngutúra, vilja frekar vera í leikjum og svoleiðis eða fá meira val. Ágúst kemur athugasemd á framfæri við íþróttakennara.

Fleira ekki tekið fyrir, stefnt að næsta fundi eftir ca tvær vikur.